

Kæra bæjarráð

Ungmennaráði Árborgar brá heldur við þær fregnir að samþykkt hafi veriði innan bæjarráðs að ungmennaráðið yrði einungis á aldrinum 13-18 ára. Í fundargerð Bæjarráðs þann 17. september kemur fram að samþykkt hafi verið tillögur umboðsmanns barna um að ungmennaráð yrðu aðeins á aldrinum 13-18 ára, einnig kemur fram í fundargerðinni að farið yrði eftir æskulýðslögum í þeim stendur „*Lögin miðast við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6–25 ára*“. Bréf umboðsmanns barna er því ekki lög heldur einungi tillaga frá embættinu.

Þetta málefni var rætt á ungmennaráðsfundi eftir að málið hafði verið samþykkt og vorum við öll sammála um það að illa væri vegið að þáttöku ungmenna í málefnum sem snerta ungmenni. Þetta er sérstaklega slæmt þar sem þetta snertir okkur í ungmennaráðinu, það er því til skammar að þetta hafi ekki verið borið undir okkur eða að við höfum ekki einu sinni fengið að vera hluti af umræðunni um þetta.

Þann 14. september var erindisbréf ungmennaráðs samþykkt þar sem kemur fram vilji okkar að í ungmennaráði Árborgar geti ungmenni á aldrinum 15-22 ára setið.

27. Bæjarstjórnarfundur var haldinn þann 16. September síðastliðinn fékk þar ungmennaráð mikið lof fyrir sínar tillögur og framkomu. Þá var einnig talað um mikilvægi þess að raddir ungmenna heyrðust og að ekki yrði litið framhjá þeim. Þá þykir okkur sérstaklega sárt að daginn eftir þegar málefni um ungmenni komu upp á Bæjarráðsfundi að ekkert samráð hafi verið við okkur í ungmennaráði. Við viljum einnig vekja athygli á því að ungmenni geta orðið allt að 22 ára áður en þau geta boðið sig fram eða kosið til bæjarstjórnar.

Þrátt fyrir að þessar breytingar myndu hafa lítil áhrif á núverandi ungmennaráð þá krefst Ungmennaráð Sveitarfélagsins Árborgar þess að hætt verði við þessar breytingar á ráðinu og jafnframt viljum við funda með fulltrúum Bæjarráðs Árborgar sem fyrst til þess að ná sáttum í málum.

Ungmennaráð Árborgar

Agnes Ósk Ægisdóttir 14 ára

Ásrún Aldís Hreinsdóttir 15 ára

Egill Hermansson 20 ára

Elín Karlsdóttir 14 ára

Elín Þórdís Pálsdóttir 15 ára

Emilía Sól Guðmundsdóttir 17 ára

Heimir Ingi Róbertsson 17 ára

Helena Freyja Segler 16 ára

Ísabella Rán Bjarnadóttir 17 ára

Kristín Ósk Guðmundsdóttir 17 ára

Ólafía Ósk Svanbergisdóttir 17 ára

Sindri Snær Bjarnason 16 ára